

Mál nr. 228/2020**V v/slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A****Sönnun orsakatengsla milli áreksturs og líkamstjóns 16. október 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 26. júní 2020 ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 15. júlí 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í umferðaróhappi 16. október 2019 þar sem hann hafi ekið aftan á aðra bifreið sem hafi snarhemlað. M kveðst í tjónstilkynningu til V hafa verið að aka börnum sínum í skólann og hafi litið aftur fyrir sig í augnablik áður en árekstur varð og hafi því verið snúinn í sætinu þegar högg af árekstrinum varð. M kveðst í sömu tjónstilkynningu hafa verið frískur og vinnufær fyrir slysið en fundið fyrir óþægindum í fæti sama dag og fundið fyrir stirðleika eftir slysið. M leitaði til heilsugæslu 16. janúar 2020 vegna einkenna sem hann rekur til árekstursins.

M telur að orsakatengsl séu fyrir hendi milli áreksturs og þess líkamstjóns sem hann varð fyrir við áreksturinn. M kveðst hafa haft samband við V eftir áreksturinn og fengið þær upplýsingar að það lægi ekki á því að tilkynna um líkamstjón þar sem hann hefði ár til þess. M kveðst hafa haft samband við V 16. desember 2019 og leitað í kjölfarið til læknis og útvegað sér gögn um að ekkert í hans sjúkraskrá bendi til þess að óþægindi hans í dag sé hægt að rekja til annars en umrædds áreksturs.

V telur orsakatengsl ósönnuð milli áreksturs og líkamlegra einkenna M. V vísar til þess að ósannað sé að M hafi tilkynnt um líkamstjón strax eftir áreksturinn, en ekki finnist gögn um samskipti M við félagið fyrr en við tjónstilkynningu dags. 16. desember 2019. V telur að það að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en þremur mánuðum eftir sé ekki fullnægjandi læknisfræðilegt mat á orsakatengslum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu sönnuð milli einkenna þeirra sem M finnur fyrir í dag og umferðaróhapps 16. október 2019. Ljóst er af gögnum málsins að M leitaði ekki til læknis vegna afleiðinga umrædds óhapps fyrr en 16. janúar 2020 og síðan aftur 21. febrúar 2020. Einkenni þau sem M lýsir við lækniskomur eru nokkuð almenn og höfðu ekki í för með sér óvinnufærni eða sérstaka meðferð strax eftir tjónsatburðinn. Verður ekki litið svo á að umrædd feli í sér skýra sönnun um orsakatengsl við áreksturinn. Þó liggi fyrir ágrip úr sjúkraskrá M á heilsugæslu fyrir slysið liggja ekki fyrir frekari læknisfræðileg gögn, t.d. mat á afleiðingum sem styðja við kröfur M. Með hliðsjón af öllu framansögðu verður því ekki talið að M hafi með framlögðum gögnum tekist að sýna fram á orsakasamhengi milli árekstursins og líkamlegra einkenna og miðað við það er kröfu hans því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðar A hjá V.

Reykjavík, 1. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.